

58. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar miðvikudaginn 25. júlí 2012, kl. 14:30.

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Félagsheimilið á Blönduósi**
- 2. Sóknaráætlun 20/20**
- 3. Fundargerðir:**
 - a) Menningar- og fegrunarnefndar frá 9. júlí 2012**
 - b) Menningar- og fegrunarnefndar frá 18. Júlí 2012**
 - c) Bs. um menningu og atvinnumál frá 21. júní 2012**
 - d) SSNV frá 5. júlí 2012**
- 4. Bréf frá Óbyggðanefnd dags. 5. júlí 2012**
- 5. Erindi frá Bílaklúbbi Skagafjarðar dags. 11. júlí 2012**
- 6. Bréf frá Acta lögmannsstofu dags. 6. júlí 2012**
- 7. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu dags. 13. júlí 2012**
- 8. Erindi frá Skógræktarfélagi Austur Húnavetninga dags. 20. júlí 2012**
- 9. Bréf frá Samkeppniseftirlitinu dags. 9. júlí 2012**
- 10. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 6. júlí 2012**
- 11. Tölvupóstur frá Páli Jónssyni, formanni veiðifélags Laxár á Ásum dags. 5.júlí 2012**
- 12. Úthlutun beitarhólfa**
- 13. Bréf frá Jóni Erni Stefánssyni ódags.**
- 14. Bréf frá Siglingastofnun frá 29. júní 2012**
- 15. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags**
- 16. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 22. júní 2012**
- 17. Bréf frá Guðrúnu Pálmadóttur dags. 3. júlí 2012**
- 18. Önnur mál**

Afgreiðslur:

- 1. Félagsheimilið á Blönduósi**

Stefán Árnason, byggingafulltrúi og Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar, mættu á fundinn og gerðu grein fyrir kostnaðaráætlun viðhaldsframkvæmda á Félagsheimilinu á Blönduósi.

Bæjarráð felur tæknideild að vinna áfram að valkosti 1 og fela Verkfræðistofu Norðurlands að skoða einstaka verkþætti. Kostnaðaráætlun verður síðan lögð fram í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2013.

2. Sóknaráætlun 20/20

Ágúst Þór Bragason, fulltrúi Blönduósbæjar í SSNV, gerði grein fyrir framvindu sóknaráætlunar 20/20 á Norðurlandi vestra.

3. Fundargerðir:

a) Menningar- og fegrunarnefndar frá 9. júlí 2012

Fundargerðin er í 1. lið. Fundargerðin samþykkt.

b) Menningar- og fegrunarnefndar frá 18. Júlí 2012

Fundargerðin er í 1. lið. Fundargerðin samþykkt.

c) Bs. um menningu og atvinnumál frá 21. júní 2012

Lögð fram til kynningar.

d) SSNV frá 5. júlí 2012

Umræður urðu um 5. lið a) fundargerðinnar. Á síðasta fundi bæjarráðs 5. júlí 2012 sbr. 8. lið fundargerðinnar, frestaði bæjarráð afgreiðslu sinni á bréfi sem formaður fjárlaganefndar sendi til sveitarfélaga, til næsta fundar.

Bæjarráð tekur undir bókun SSNV sem segir: „Stjórn SSNV leggur þunga áherslu á að sveitarfélögin geti átt greiða og bein samskipti við fjárlaganefnd Alþingis. Þá leggur stjórnin áherslu á að sveitarfélögin geti borið upp hver þau mál sem þau telja brýnust hverju sinni við nefndina.“ Bæjarstjóra falið að senda bókunina til formanns fjárlaganefndar Alþingis.

Lögð fram til kynningar.

4. Bréf frá Óbyggðanefnd dags. 5. júlí 2012

Fjármálaráðherra, f.h. íslenska ríkisins, hefur lagt fram hjá óbyggðanefnd kröfur sínar um þjóðlendur á Norðvesturlandi – Húnavatnssýslu vestan Blöndu ásamt Skaga (svæði 8 norður). Skorað er á þá sem telja til eignarréttinda á þjóðlendukröfusvæði að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd innan sex mánaða, nánar tiltekið í síðasta lagi 7. janúar 2013.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að semja við Pacta lögmenntil að gæta hagsmuna Blönduósbæjar.

5. Erindi frá Bílaklúbbi Skagafjarðar dags. 11. júlí 2012

Bíla klúbbur Skagafjarðar sækir um leyfi til að halda rallýkeppni helgina 27.-28. júlí nk. Ekið verður m.a. vegur 742 Mýrarvegur frá Mánaskál að fjárrétt við Kirkjuskarð.

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

6. Bréf frá Acta lögmannsstofu dags. 6. júlí 2012

Bæjarstjóra falið að svara bréfinu.

7. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu dags. 13. júlí 2012

Með bréfi 27. janúar 2011 er afskiptum forsvarsmanns Leiðar ehf. af aðalskipulagsgerð Blönduósbæjar mótmælt og lýst efasemdum um að það samrýmist starfsskyldum sýslumanns að vera forsvarsmaður félagsins. Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að sýslumaðurinn á Bolungarvík óskaði eftir því á sínum tíma eftir álitum ráðuneytisins hvort hugsanleg seta í stjórn Leiðar ehf. teldist samrýmanleg starfi hans. Ráðuneytið sendi sýslumanninum á Bolungarvík bréf, dags. 10. október 2001, þar sem fram kom að ráðuneytið gerði ekki athugasemdir við setu sýslumannsins í stjórn félagsins.

8. Erindi frá Skógræktarfélagi Austur Húnavetninga dags. 20. júlí 2012

Skógræktarfélagið óskar eftir fjárstyrk að upphæð kr. 350.000 til að heiðra minningu hjónanna Helgu Jónsdóttur og Steingrím Davíðsson með uppsetningu á upplýsingaskilti við Gunnfríðarstaði.

Bæjarráð tekur jákvætt undir erindið og vísar því til fjárhagsáætlunargerðar 2013.

Oddný María Gunnarsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

9. Bréf frá Samkeppniseftirlitinu dags. 9. júlí 2012

Samkeppniseftirlitið óskar eftir upplýsingum og gögnum um verklagsreglur og samningum er varða rekstur upplýsingamiðstöðvar, afriti samninga sem gerðir hafa verið við rekstraraðila miðstöðvarinnar.

Blönduósbær kemur ekki að rekstri upplýsingamiðstöðvar á Blönduósi. Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara samkeppniseftirlitinu.

10. Bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga dags. 6. júlí 2012

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 29. júní sl. að sambandið hafi gerst aðili að verkefninu „Nýsköpun í opinberum rekstri“. Með aðkomu sambandsins verður verkefnið útvíkkað þannig að það taki ekki

eingöngu til nýsköpunar í rekstri ríkisins heldur líka hjá sveitarfélögum. Ákveðið hefur verið að halda aðra Nýsköpunarráðstefnu 30. október n.k. á Grand Hótel Reykjavík.

Lagt fram til kynningar.

11. Tölvupóstur frá Páli Jónssyni, formanni veiðifélags Laxár á Ásum dags. 5. júlí 2012

Byggingarnefnd um veiðihús í Laxá á Ásum hefur í samræmi við upplýsingar sem komu fram á aðalfundi ákveðið að gefa út skuldabréf sem hluta af fjármögnun hússins.

Bæjarráð hefur ekki áhuga á að kaupa umrædd skuldabréf.

12. Úthlutun beitarhólfa

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi úthlutun á beitarhólfum:

- R50 Óli Aandegard kt. 170983-5139*
- R41B Svanur Ingi Björnsson kt. 050192-2969*
- R43 Eiríkur Ingi Björnsson kt. 300656-5019*
- H17 Hörður Ríkharðsson kt. 291262-5899*
- K4 og K13 Hrímahestar ehf. kt. 471004-2940*

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi úthlutun á beitarnotum:

- Lóð 19 og 20 Reiðhöllin ehf. kt. 680800-2860*
- Lóð 21 Hrímahestar ehf. kt. 471004-2940*

13. Bréf frá Jóni Erni Stefánssyni ódags.

Óskað er eftir að Blönduós bær sendi bréf til Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytisins þess efnis að undanþága frá 6. gr. úthlutunarregla byggðakvóta verði veitt og að umbjóðendurnir fái heimild til að landa mótframlagi á fiskmarkað á Skagaströnd og fái svo úthlutuðum byggðarkvóta eftir lönduðum afla á Skagaströnd fiskveiðiárið 2011/2012.

Bæjarráð lýsir yfir vonbrigðum með að hluti útgerðaaðila á Blönduósi og fiskvinnslan Sæmár sem jafnframt er eina fiskvinnslan á Blönduósi hafi ekki náð samningum vegna byggðakvóta.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að óska eftir umsögn ráðuneytisins um mögulegar undanþágur frá reglunum þar sem aðilar hafa ekki náð saman.

14. Bréf frá Siglingastofnun frá 29. júní 2012

Í samgönguáætlun 2013-2016 er gert ráð fyrir framkvæmdum við sjóvarnir á Blönduósi á árinu 2013 og greiðir ríkið 7/8 af framkvæmdinni. Áætlunin gerir ráð fyrir endurgerð og viðbótum á 3 stöðum við Blönduós. Ekki er gert ráð fyrir neinum hafnarframkvæmdum á næstu árum.

Huga þarf að viðhaldsdýpkun hafnarinnar en langt er síðan hún var dýpkuð en framburður úr Blöndu berst með ströndinni að höfninni.

Bæjarráð samþykkir tillögur tæknideildar að framkvæmdum vegna sjóvarna og dýpkun hafnarinnar og felur tæknideild að svara Siglingastofnun.

15. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags hefur borist frá Reykjavíkurborg um að sækja nám í Blönduskóla.

Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

16. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 22. júní 2012

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Valgarðs Hilmarssonar, kt. 290847-4869, f.h. Laxaseturs Íslands ehf., kt. 410911-1400, um leyfi til að reka veitingastað í flokki I að Efstubraut 1, 540 Blönduósi. Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

17. Bréf frá Guðrúnu Pálmadóttur dags. 3. júlí 2012

Guðrún Pálmadóttir, réttindagæslumaður fyrir fólk með fötlun á Norðurlandi, bendir á í bréfi sínu að Blönduósbær sé að innheimta hærra gjald en þekkist í nágrannasveitarfélögunum, fyrir ferilþjónustu fatlaða.

Bæjarráð þakkar Guðrúnu fyrir góðar ábendingar og mun taka upp gjaldskrá ferilþjónustu fatlaða í næstu fjárhagsáætlunargerð.

18. Önnur mál

Engin önnur mál

*Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið 19:01*

Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Anna Margrét Sigurðardóttir (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir(sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)